

Reykjavík 11. desember 2012

Niðurstaða athugunar á fjárfestingum og fjárfestingarákvörðunum hjá Lífeyrissjóði bankamanna

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á fjárfestingum og fjárfestingarákvörðunum hjá Lífeyrissjóði bankamanna með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athuginin fór fram með gagnaöflun og heimsókn á starfsstöð lífeyrissjóðsins hinn 24. maí 2012. Athuginin miðaðist við stöðu fjárfestinga hinn 31. desember 2011 og ferli fjárfestingaákvörðana frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2011. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram koma athugasemdir og ábendingar eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skal vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Drög að skýrslunni voru afhent lífeyrissjóðnum hinn 7. september 2012 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar, hinn 19. nóvember 2012, var tekið tillit til athugasemda lífeyrissjóðsins eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda skal berast Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 18. febrúar 2013. Fjármálaeftirlitið mun uppfæra gagnsæistilkynninguna á heimasíðu sinni þegar skýrsla innri endurskoðanda lífeyrissjóðsins um úrbætur liggur fyrir.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma þegar athuginin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins má finna á heimasíðu þess.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins eru eftirfarandi:

Verkferlar og reglur við fjárfestingar

- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að formfesta við framkvæmd fjárfestinga sé ekki í nógu góðu horfi hjá sjóðnum og að reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar séu ekki fullnægjandi.

- Athugasemd var gerð við að framkvæmdastjóri hefði engar heimildir til fjárfestinga fyrir sjóðinn þar sem framkvæmdin virðist önnur miðað við gögn Fjármálaeftirlitsins. Gerði eftirlitið þá kröfu að heimildir framkvæmdastjóra endurspeglar í regluverki sjóðsins.
- Ósamræmi var í skjali Lífeyrissjóðsins um fjárfestingaferli, í kaflanum um stjórnendaeftirlit er vísað í reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar en þær reglur eru ekki fyrir hendi hjá sjóðnum.
- Að lokum var gerð athugasemd við að skjölun verkferils við lánveitingar sé ábótavant. Samkvæmt starfsreglum framkvæmdastjóra veitir hann sjóðfélagalán en framkvæmdin er sú að framkvæmdastjóri veitir aðeins lán að uppfylltum skilyrðum sem orðið hafa til við venjur milli stjórnar og framkvæmdastjóra.

Hæfi stjórnarmanna

Gerð var athugasemd við að Lífeyrissjóður bankamanna hefði hvorki farið eftir eigin starfsreglum né ákvæðum um hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðalögum og stjórnsýslulögum á tímabilinu 2007-2011. Í nokkrum tilvikum sat stjórnarmaður fundi þar sem tekið var fyrir mál tengt fyrirtæki þar sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri.

Skýrslur um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins

Gerð var athugasemd við útfyllingu skýrslna til Fjármálaeftirlitsins og þá sérstaklega ranga flokkun eigna samkvæmt 1. tl., 2. tl., 5. tl. og 7. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið fór einnig fram á að sjóðurinn yfirfari flokkun skráðra og óskráðra verðbréfa banka og sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti og geri viðeigandi leiðréttingar á flokkun eigna sjóðsins.

Fjárhagslegur aðskilnaður deilda lífeyrissjóðsins

Gerð var athugasemd við lánveitingar Stigadeildar (Aldursdeildar) til Hlutfallsdeildar, í nóvember 2007, m.a. það atriði að engir pappírar voru að baki viðskiptunum.